

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Í KÁNTRÝBÆ Á SKAGASTRÖND FIMMTUDAGINN.
11. OKTÓBER 2012**

Fimmtudaginn 11. október 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar í Kántrýbæ á Skagaströnd. Mættir voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.
2. **Undirbúningur 20. ársþings- Tillaga að kjörnefnd, formönnum nefnda og starfsmönnum þingsins**
Tillaga starfsmenn ársþings og kjörnefnd.

Þingforseti:	Magnús B. Jónsson	Svf. Skagaströnd
Varaþingforseti:	Vignir Sveinsson	Svf. Skagabyggð
Þingritari	Stefán Haraldsson	SSNV
Varaþingritari	Ingibergur Guðmundsson	SSNV

Starfsmenn þingsins: Katrín María Andrésdóttir og Gudrun Kloes.

Kjörnefnd:

Ásta Pálmadóttir	Svf. Skagafirði
Úlfar Sveinsson	Svf. Skagafirði
Halldór G. Ólafsson	Svf. Skagaströnd
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþingi vestra
Vignir Sveinsson	Skagabyggð

Tillaga stjórnar um þingnefndir og fundarboðendur

Allsherjarnefnd. Sigríður Svavarsdóttir kallar nefndina saman. Ritari Ingibergur Guðmundsson.

Fjárhags og laganefnd. Leó Örn Þorleifsson kallar nefndina saman.

3. **Tilnefningar fjögurra fulltrúa í skólanefnd FNV. Stjórn SSNV tilnefnir eftirtalda aðila.**

Aðalmenn; Adolf H. Berndsen svf. Skagaströnd og Ástu Pálmadóttir Svf. Skagafirði.

Varamenn: Stefán Vagn Stefánsson Svf. Skagafirði og Jóhönnu G. Jónasdóttur Blönduósbæ.

4. **Almenningssamgöngur – upplýsingar.** Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis mál varðandi almenningssamgöngur eftir fyrsta mánuðinn í akstri eftir nýju leiðakerfi undir merkjum Strætó. Fyrstu niðurstöður benda til nokkurrar aukningar á farþegafjölda m.v áætlanir og einnig virðast farþegatekjur nokkuð hærri en ráð var fyrir gert. Þá kynnti framkvæmdastjóri að vegagerðin hefur samþykkt að samningsgreiðsla fyrstu 6 mánuði ársins 2013 til landshlutasamtakana verði í eingreiðslu þann 1. Janúar



2013 til þess að mæta neikvæðu sjóðflæði yfir vetrarmánuðina. Umræður urðu um framtíðarrekstarfyrirkomulag á almenningsamgöngum í samvinnu við SSV, FV og Eyþing sem og næstu skref í frekari þróun kerfisins með akstri á nýjum leiðum. Stjórnin er sammála um að hefja þá vinnu fljótlega.

5. Önnur mál.

- a. Formaður ræddi hugmyndir um skipun sérstakrar Samgöngunefndar SSNV.

- b. Framkvæmdastjóri kynntu hugmyndir að verkefnaráðningu starfsmanns í 6. mánuði til þess að þróa og móta tillögur að úrræðum og verkefnum fyrir ungt fólk í framhaldi af bókun stjórnar frá 5. september s.l. Hlutverk starfsmannsins yrði einnig að afla fjár til verkefnisins með umsóknarskrifum í innlenda og erlenda sjóði sem og vinnslu IPA umsóknar. Fram kom að sveitarfélagið Skagafjörður hefur lýst vilja um aðkomu að fjármögnun ráðningartímabils starfsmannsins til allt að 3 mánaða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari